

7. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndarmálanefndar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri fimmtudaginn 3. september kl. 16:00.

Mætt voru Björn Guðmundur Björnsson formaður, Vilborg Stefánsdóttir, Oddný Sigríður Kristjánsdóttir og Guðmundur Björnsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver hefði athugasemdir um boðun fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Úthlutun til styrkvega 2015:

Atvinnu- og ferðamálanefnd telur að fjármunum sé best varið í veginn út á Langanesfont þar sem þar eru nú þegar framkvæmdir og steinbrjótur sem óvíst er hvenær komi aftur á svæðið, enda umferð þar mest, samanborið við aðra styrkvegi í sveitarfélaginu.

Nefndin gerir það að tillögu sinni að framvegis verði umsjónarmönnum allra styrkvega gert að skila inn ástandsskýrslu allra slóða, að hausti, svo nefndarmenn hafi eitthvað í höndum til að meta og forgangsraða fyrir næsta ár.

Samþykkt samhljóða.

2. Atvinnu- og ferðamálaþing:

Nefndin leggur til að þing verði haldið í september - október 2015

Samþykkt samhljóða

3. Gamla Bryggjan á Bakkafirði- til kynningar:

Nefndin leggur til að leitað verði allra leiða til að varðveita þetta mannvirki.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál:

a. Mál Toppfisks á Bakkafirði rædd. Nefndin leggur til að sveitarstjórn fundi með forsvarsmönnum Toppfisks til að ræða framtíð vinnslunnar á Bakkafirði.

b. Nefndin vill beina því til sveitarstjórnar að beita sér að krafti við að laga slæmt netsamband sem víða er í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 16:45